


## Niðurstöður Olweusarkönnunar

Einelti hefur aukist frá fyrri árum (6,5% 2018 vs. 8% 2029).

- Mun fleiri stúlkur segjast verða fyrir einelti miðað fyrri ár (5% 2018 vs 9,8% 2019).
- Aðeins dregið úr einelti meðal pilta (7,8% 2018 vs. 6,5% 2019).

Hve oft hefur þú orðið fyrir einelti í skólanum undanfarna mánuði?  
Samantekt yfir tvisvar til þrisvar í mánuði,  
svona einu sinni í viku og oft í viku (%).



Einelti hefur aukist meðal stúlkna. Þær verða mest fyrir:

- Aðrir nemendur hafa **talað illa um** mig eða **logið** upp á mig og reynt að fá aðra til að líka illa við mig (18,6%).
- Aðrir nemendur **útiloka** mig viljandi, **halda mér fyrir utan** félagahópinn eða **hunsa** mig algjörlega (15,7%)
- Gert er **grín** að mér, ég er **uppnefndur** eða mér strítt á óþægilegan og meiðandi hátt (14,7%)

Hins vegar hefur dregið úr einelti meðal drengja. Þeir verða mest fyrir:

- Gert er **grín** að mér, ég er **uppnefndur** eða mér strítt á óþægilegan og meiðandi hátt (11,2%).
- Aðrir nemendur hafa **talað illa um** mig eða **logið** upp á mig og reynt að fá aðra til að líka illa við mig (8,1%).
- Ég hef verið **barinn**, það var **sparkað** í mig, **rifið** í hárið, mér var **hrint** eða ég var **lokaður inni** (8,1%).

Einelti hefur aukist á flestum stöðum sem spurt er um miðað við í fyrra. Oftast fer það fram á skólalóð, á göngunum, í kennslustofu með kennara og í matsal.

Þegar niðurstöður eru skoðaðar óháð því hvort einhver segist hafa orðið fyrir einelti segjast stúlkur mun oftast en strákar verða fyrir einelti. Þær niðurstöður koma fram í fjórum árgöngum af sex. Stelpur og strákar segja oftast að það séu strákar úr sama bekk/árgangi sem leggi í einelti. Fleiri stelpur en strákar segjast einungis eiga einn vin eða engan og á það við um fleiri stúlkur en drengi og hlutfall stúlkna sem segjast ekki eiga vin í skóla hefur aukist töluvert miðað við síðasta skólaár. Stúlkur óttast meira en strákar að verða lagðar í einelti af samnemendum sínum og hefur sá ótti aukist töluvert hjá þeim frá árunum 2015 og 2016.